

## 16. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 6.6. 2023, kl. 13:30

---

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mætt undir lið 1. Unnur María Þorvaldsdóttir og Erlingur Geirsson frá Landsvirkjun. Samþykkt að bæta við dagskrálið 6. fundargerðum Umhverfis og loftslagsnefndar dags. 4.5.2023 og frá Sambandi Íslenskar sveitarfélaga nr.928 dags. 2.6.2023. Einnig var bætt við dagskrálið 10. um kosningu oddvita og vara oddvita. Undir lið 2 var stutt símaviðtal við Kristinn Bjarnason lögfræðing sveitarfélagsins.

1. Þróun vindorku hjá Landsvirkjun
2. Sala Fljótsdalsgrundar
3. Hringrásarhagkerfið
4. Fjárhagur eftir fyrsta ársfjórðung
5. Sameining stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis
6. Fundargerðir:
  - a. 6. Verkfundur byggingar þjónustuhúss við Hengifoss 19.5.2023
  - b. Sambands íslenskra sveitarfélaga 925. 28.4.2023
  - c. Samband íslenskra sveitarfélaga 926. 17.5.2023
  - d. Samband íslenskra sveitarfélaga 927. 26.5.2023
  - e. Samband íslenskra sveitarfélaga 928. 2.6.2023
  - f. Aðalfundur Minjasafns Austurlands 8.5.2023
  - g. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 11.5.2023
  - h. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 16.5.2023
  - i. Umhverfis og lofslagsnefnd 4.5.2023
7. Ársreikningar og ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2022
8. Erindi Vin-skipulag skógræktar 14.4. 2023 og umsögn Skógræktarinnar um erindið 15.5.2023 .
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Kosning oddvita og vara oddvita
11. Önnur mál:

**1. Þróun vindorku hjá Landsvirkjun**

Kynntar hugmyndir Landsvirkjunar um rannsóknir á möguleikum vindorkuframleiðslu á Fljótsdalsheiði. Gestir véku af fundi kl 14:30.

**2. Sala Fljótsdalsgrundar**

Kjartan upplýsti sveitarstjórn um stöðu málsins og vék síðan af fundi. Sveitarstjórn telur viljayfirlýsingu frá Arion banka dags. 6. 6. 2023 fullnægjandi. Sveitarstjóra falið að ganga frá kaupsamningi með fasteignasala og lögfræðing sveitarfélagsins. Kjartan kom inn á fundinn.

**3. Hringrásarhagkerfið**

Halla fór yfir stöðuna á sorpmálum og þeim breytingum sem væntanlegar eru í september. Það liggur fyrir að kostnaður á hvert heimili mun aukast umtalsvert þar sem ekki er lengur heimilt að sveitarfélagið niðurgreiði sorphirðu og urðunarkostnað.

**4. Fjárhagur eftir fyrsta ársfjórðung**

Kynnt

**5. Sameining stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis**

„Umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytið hefur kynnt áform um sameiningu stofnana á verksviði ráðuneytisins. Meðal annars er gert ráð fyrir að ný náttúruverndar- og minjastofnun verði til með samruna Vatnajökulsþjóðgarðs og annarra stofnana sem fara með náttúruvernd og minjavörslu. Ný stofnun mun ekki hafa skipaða stjórn, er reiknað með að hverjum þjóðgarði verði áfram stýrt af svæðisbundinni stjórn og að svæðisráð starfi áfram á vettvangi Vatnajökulsþjóðgarðs.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps tekur jákvætt í þessi áform en miklu skiptir hvernig þau verða útfærð í lagafrumvarpi. Vatnajökulsþjóðgarður býr við dreifistýrt skipulag sem reynst hefur vel í seinni tíð og tryggir aðkomu nærsamfélaga að stjórnun og vernd þjóðgarðsins. Nýta ber öll tækifæri sem skapast samhliða stofnanasameiningu til þess efla byggðir umhverfis þjóðgarðinn m.a. með störfum í nærsamfélagi."

**6. Fundargerðir:**

**a. 6. Verkfundur byggingar þjónustuhúss við Hengifoss 19.5.2023**

kynnt

**b. Sambands íslenskra sveitarfélaga 925. 28.4.2023**

kynnt

**c. Samband íslenskra sveitarfélaga 926. 17.5.2023**

kynnt

**d. Samband íslenskra sveitarfélaga 927. 26.5.2023**

kynnt

**e. Samband íslenskra sveitarfélaga 928. 2.6.2023**

kynnt

**f. Aðalfundur Minjasafns Austurlands 8.5.2023**

kynnt

**g. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 11.5.2023**

kynnt

**h. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 16.5.2023**

Kynnt

**i. Umhverfis og loftslagsnefnd 4. 5.2023**

kynnt. Samþykkt tillaga nefndarinnar um að halda gámasvæðinu neðan við Végarði áfram en laga þarf aðstöðu og aðgengi.

**7. Ársreikningar og ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2022**

kynnt

**8. Erindi Vin-skipulag skógræktar 14.4. 2023 og umsögn Skógræktarinnar um erindið 15.5.2023**

„Erindi Sveins Runólfssonar fulltrúa Vín um skipulag skógræktar var vísað til umsagnar Skógræktarinnar. Í umsögninni eru hraktar fullyrðingar Sveins um með hvaða hætti skipulag skógræktar er unnið og þeim ógnum sem af henni stafa. Sérkennilegast í máli VÍN eru þó fullyrðingar um ógnir sem stafi af náttúrulegri framvindu birkiskóga sem á sér stað með sjálfssáningum. Það verður að teljast sérstök náttúruvernd að berjast gegn náttúrunni. Því samþykkir sveitarstjórn að vísa málinu frá enda sambærileg málsmeðferð og hjá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga“.

**9. Skýrsla sveitarstjóra**

Skipulagsstofnun hefur samþykkt deiliskipulagið fyrir frístundabyggð á Víðivöllum Ytri 1 og fer það nú í auglýsingu B-deildar Stjórnartíðinda.

Hengifoss. Lögð fram greinargerð um stöðu stíga og rætt um framkvæmdir við þá í sumar.

**10. Kosning oddvita og vara oddvita**

Jóhann F. Þórhallsson tilkynnti að hann bíður sig ekki fram til oddvita.

Lárus hlaut 4 atkvæði og Kjartan 1 atkvæði í kostningu um oddvita. Jóhann hlaut 4 atkvæði og Kjartan 1 atkvæði í kostningu um vara oddvita.

**11. Önnur mál:**

Sveitarstjóri hefur gengið frá samningi við Vatnajökulspjóðgarð um landvörslu við Hengifoss.

Samþykkt að skerpa á reglum um menntunarstyrki. Styrkir eru aðeins veittir fyrir yfirstandandi ár og ekki greitt fyrir námsferðir.

Í anda Eiríkis á Arnheiðarstöðum hvetur sveitarstjórn bændur til að sinna viðhaldi á girðingum meðfram vegum.

Samþykkt að vera með auglýsingu (logo) í Ferðablaði Morgunblaðsins um Austurland kr. 25.000.

Samþykkt að næsti sveitastjórnarfundur verði fimmtudaginn 29. Júní kl: 13:30

Fundi slitið kl: 17:55

Halla ritar fundargerð í tölvu.

---

Anna Jóna Árnarsdóttir

---

Halla Auðunardóttir

---

Jóhann F. Þórhallsson

---

Kjartan Benediktsson

---

Lárus Heiðarsson oddviti